

16. gr.

85

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði 14. og 15. greinar laga nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

16. des.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

86

um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

16. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar Reykjavíkurkaupstaður lætur lóðir sínar og lönd á leigu, þar á meðal erfðafestuleigu, skal bæjarstjórnin eða bæjarráð í umboði hennar ákveða leiguskilmálana.

Á sama hátt ræður hafnarstjórn leigumála um lóðir Reykjavíkurhafnar.

2. gr.

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabýgginga til 75 ára, skal vera 5% af fasteignamatsverði lóðarinnar. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af bæjarstjórn og hafnarstjórn.

3. gr.

Ef bæjarstjórn eða hafnarstjórn selja lóðir eða lóðarspildur bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, fer um ákvörðun söliverðs með sama hætti og fyrir er mælt í 1. gr.

4. gr.

Nú er bæjarstjórn (bæjarráð) eða hafnarstjórn ekki á einu máli um ákvörðun ársleigu eða söliverðs lóðar, og skal þá leigan eða söliverðið ákveðið með mati dómkvaddra manna eftir almennum reglum um dómkvaðningu.

5. gr.

Lóðarleigjanda, er ekki vill hlíta ákvörðun bæjarstjórnar (bæjarráðs) eða hafnarstjórnar um ákvörðun lóðarleigu eða mati samkv. 4. gr., er heimilt að krefjast yfirmats um leiguna, er framkvæmt skal af dómkvöddum mönnum. Um greiðslu matskostnaðar fer þá samkv. ákvæðum 6. gr. síðustu mgr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 14. nóv. 1917.

86

16. des.

6. gr.

Er næsta matstímabili lóðarleigu samkv. gildandi leigusamningum lýkur, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal lóðarleigan ákveðin svo sem segir í lögum þessum.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 23 3. okt. 1903, um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurborg, laga nr. 59 3. nóv. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, svo og önnur lagaákvæði, er ekki samræmast ákvæðum þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

87

16. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, eftir reglum, er bæjarstjórnin setur með samþykki ráðherra.

Vísitölu byggingarkostnaðarins reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs miðað við byggingarkostnað árið 1939. Fyrir janúarlök 1944 reiknar hagstofan vísitölu byggingarkostnaðar árin 1940—1942.

2. gr.

Í stað „1000“ í 4. gr. laganna komi: 10000.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.